

Gæðakerfi vegna akademískra starfsmanna og rannsókna

I. Fyrsti áfangi:

Lagt er til að matskerfi opinberra háskóla verði notað fyrir alla akademíska starfsmenn í ríkisháskólunum fjórum. Þetta gildir fyrir mat á rit- og hugverkum ársins 2010 fyrir alla starfsmenn HÍ og HA. Miðað verði við að það verði einnig tekið upp fyrir aðra akademíska starfsmenn, til viðbótar við prófessora í LbhÍ og á Háskólann á Hólum, fyrir matsárið 2011. Lagt er til að Vísindasvið HÍ annist samræmt mat fyrir opinbera háskóla, í samráði við sameiginlegar matsnefndir sem eru endanlega ábyrgar.

Bakgrunnur málsins:

Í kjölfar kjarasamnings Félags prófessora við ríkisháskóla og fjármálaráðherra frá 26. september 2008 var sett á laggjarnar nefnd sem gera skyldi tillögu um framtíðar fyrirkomulag mats á verkum prófessora við opinbera háskóla. Hinu nýja fyrirkomulagi var ætlað að koma í stað þess matskerfis sem kjararáð annaðist áður. Nefndina skipuðu fulltrúar samningsaðila (þ.e. Félags prófessora við ríkisháskóla og fjármálaráðuneytisins), auk fulltrúa frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og frá opinberum háskólum. Nefndin komst að samkomulagi um framtíðarskipan mats á störfum 6. nóvember 2009.

Samkomulagið fól m.a. í sér að sett var á laggjarnar fjögurra manna Matskerfisnefnd opinberra háskóla (MOH) sem í sitja fulltrúi frá fjármálaráðuneytinu, fulltrúi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, einn frá Háskóla Íslands og einn frá öðrum opinberum háskólum. MOH hefur m.a. það hlutverk að skipa eftirtaldar nefndir:

1. Vísindanefnd opinberra háskóla (VOH) sem gerir tillögur um breytingar á matskerfi opinberra háskóla, sem MOH staðfestir endanlega. VOH er skipuð fimm fulltrúum, samkvæmt tilnefningum opinberu háskólanna og skal a.m.k. einn nefndarmanna vera úr öðrum opinberum háskóla en Háskóla Íslands.
2. Allt að sex þriggja manna matsnefndir, sem annast faglegt mat á ritverkum. Fimm sameiginlegar matsnefndir hafa nú þegar verið skipaðar.
3. Þriggja manna málskotsnefnd, sem úrskurðar í kærumálum sem upp kunna að koma.

Hinn 18. desember 2009 samþykkti VOH nýtt matskerfi fyrir sitt leyti á grundvelli tillögu sem barst frá háskólaráði Háskóla Íslands. Matskerfið var einnig samþykkt í háskólaráði Háskólans á Akureyri 17. desember 2009. MOH staðfesti matskerfið fyrir sitt leyti 30. desember 2009 og skyldi nýtt matskerfi taka gildi frá 1. janúar 2010 og gilda fyrir prófessora í opinberum háskólum.

Samkvæmt samkomulagi á milli Félags háskólakennara (FH) og Háskóla Íslands gildir matskerfið enn fremur fyrir félagsmenn FH. Félag háskólakennara á Akureyri og Háskólinn á Akureyri hafa enn fremur gert með sér sambærilegt samkomulag.

Matskerfi opinberra háskóla gildir því frá og með 1. janúar 2010 fyrir alla akademíska starfsmenn í Félagi prófessora við ríkisháskóla, Félagi háskólakennara (í HÍ) og Félagi háskólakennara á Akureyri. Nýtt matskerfi kemur því í fyrsta sinn til framkvæmda á vormisseri 2011 vegna mats á rit- og hugverkum ársins 2010.

Nánar um tillöguna:

- 1) *Fyrir liggur að allir akademískir starfsmenn við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri (þ.e. allir sem ráðnir eru skv. hæfnisdómi) verði metnir í árlegu vinnumati skv. þessu kerfi vorið 2011, auk prófessora við LbhÍ og Hólaskóla.*
- 2) *Vinnuhópurinn leggur til að allir akademískir starfsmenn LbhÍ og Hólaskóla verði metnir skv. kerfinu vorið 2012, þ.e. vegna starfa ársins 2011.*
- 3) *Vinnuhópurinn leggur til að matið verði á ábyrgð ofangreindra matsnefnda opinberra háskóla og framkvæmt af þeim og starfsmönnum vísindasviðs HÍ.*
- 4) *Viðkomandi starfsmenn þyrftu þá að skila til vísindasviðs svokölluðu „fram tali starfa“, á ákveðnum degi, til dæmis 1. febrúar eða 1. mars. Þar færi fram grunnvinna, sem síðan yrði yfirfarin af matsnefnd á viðkomandi fræðasviði í kjölfarið.*
- 5) *Niðurstaðan færi síðan til rektors viðkomandi skóla, sem ber endanlega ábyrgð á matinu, og hvernig niðurstöður þess eru notaðar, meðal annars í tengslum við röðun í launaflokka, árangurstengdar greiðslur og breytingar á starfsskyldum, í samræmi við gildandi reglur og stofnanasamninga eða kjarasamninga í þeim skóla.*

Áður en nýtt matskerfi verður notað fyrir akademíska starfsmenn (aðra en prófessora) í Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla þarf að ná samkomulagi við viðkomandi kjarafélög innan BHM, en í gildi eru ákvæði í stofnanasamningum er taka til mats á störfum. Rektorar skólanna þurfa að vinna að þessu á árinu 2011. Ýmsar aðrar breytingar á innan húss reglum skólanna þarf að gera til samræmis, til dæmis að aðlaga vinnureglur HA um stigamat.

II. Annar áfangi:

Stefnt verði að því að innleiða sambærilegt ráðningar- og framgangskerfi við skólana fjóra frá og með 1. nóvember 2011, þannig að allir umsækjendur um akademísk störf og allir umsækjendur um framgang verði metnir á grundvelli sömu reglna og viðmiða. Miðað verði við að sömu dóm- og framgangsnefndir annist þetta mat fyrir alla skólana.

Ráðningar- og framgangskerfi Háskóla Íslands hefur verið í þróun um langt skeið og hefur að geyma ítarleg ákvæði um ferli, vinnubrögð og viðmið, til dæmis hvað varðar réttarstöðu og kröfur til umsækjenda. Kerfið er sett fram í reglum Háskóla Íslands nr. 569, og 263, og einnig er stuðst við matskerfi opinberra háskóla, sem áður er nefnt. Auk þess er fylgt ýmsum verklagsreglum innan HÍ, og hefur árangurinn af kerfinu verið sá að kærumálum hefur fækkað verulega. Hinir skólarnir hafa að hluta til þróað sín eigin kerfi, en þó töluvert horft til Háskóla Íslands.

Nánar um tillöguna:

- 1) *Vinnuhópurinn leggur til að byggt verði á kerfi Háskóla Íslands, og að teknar verði upp við alla skólana fjóra samhjóða reglur um ferli, vinnubrögð og viðmið við ráðningar og framgang.*
- 2) *Einnig er lagt til að frá 1. nóvember 2011 starfi sameiginlegar dóm- og framgangsnefndir sem þjóni öllum skólunum.*
- 3) *Ráðningar í öll störf sem auglýst verða eftir 1. nóvember 2011 verði unnar skv. sama ferli.*

- 4) *Fyrsti sameiginlegi umsóknafrestur um framgang verði 1. nóvember 2011.*
- 5) *Vinnuhópurinn leggur til að starfsmönnum vísindasviðs HÍ verði falið það verkefni að framkvæma grunnmat við ráðningu nýrra starfsmanna í öllum skólunum skv. þessu kerfi, með fulltingi sameiginlegra matsnefnda, sbr. hér ofar.*
- 6) *Ábyrgð á endanlegum ákvörðunum um ráðningar og framgang verða þó að sjálfsögðu áfram hjá rektor hvers skóla.*

Til að þetta geti orðið þarf að breyta reglum skólanna, og að svo miklu leyti sem ákvæði um framgang eru í stofnanasamningum þá þarf að ná samkomulagi um viðeigandi breytingar fyrir 1. nóvember 2011.

III. Kostnaðarskipting og önnur praktísk atriði varðandi þetta samstarf:

Hópurinn telur æskilegt að verkefnisstjórn samstarfsins semji um kostnaðarskiptingu vegna þessarar vinnu, sem hluta af heildarsamningum um samstarfið sem áformaðir eru á næstu mánuðum.

IV. Önnur atriði:

Stéttarfélög: Vinnuhópurinn telur að verkefnisstjórnin eigi að hafa frumkvæði að því á næstu mánuðum að hvetja stéttarfélög akademískra starfsmanna til að sameinast, og að framtíðarmarkmið hljóti að vera að fækka kjarasamningum og stofnanasamningum hjá skólunum fjórum. Vegna eðlis starfa akademískra starfsmanna er æskilegt að þeir séu í sér deild, þó að aðrir starfsmenn háskólanna kunni að vera í sama stéttarfélagi. Yfirstjórnir skólanna þurfa ef til vill að leita samráðs við mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti vegna breytinga á Rannsókn- og ritlaunasjóði prófessora, ef líklegt er að prófessorar og aðrir akademískir starfsmenn vilji sameinast í eitt félag.

Starfsskyldur akademískra starfsmanna: Samkvæmt lögum um opinbera háskóla og lögum um búnaðarfræðslu eru það háskólaráð skólanna sem ákvarða starfsskyldur akademískra starfsmanna. Starfsskyldur við skólana eru mjög svipaðar en þó eru mismunandi reglur um afleiðingar þess ef starfsmenn uppfylla ekki starfsskyldur að fullu. Vinnuhópurinn leggur til að skólarnir læri hver af öðrum varðandi þróun og beitingu þessara ákvæða í reglum skólanna, enda verði það auðveldað mjög með samræmdu mati. Einnig skuli skólarnir hafa samráð um breytingar á starfsskyldum, til dæmis varðandi stjórnunarskyldu.

Rannsóknamisseri: Vinnuhópurinn telur æskilegt að hvetja til þess að skólarnir samræmi vinnulag við mat á umsóknum um rannsóknamisseri, og stefnt verði að því að samræma reglur um veitingu slíkra leyfa og reglur um útreikning á greiðslum vegna ferða- og dvalarkostnaðar.

Starfsmannasamtöl: Starfsmannasamtöl eru mikilvægur hluti af gæðakerfi vegna akademískra starfsmanna þar sem þar gefst tækifæri til að fara yfir árangur einstaklingsins og ræða um markmið í framhaldinu, en hvort tveggja eykur líkur á enn betri árangri í kjölfarið. Lagt er til að skólarnir hafi með sér samráð um form og fyrirkomulag starfsmannasamtala, stuðning við stjórnendur og þjálfun stjórnenda í framkvæmd starfsmannasamtala.

Reykjavík, 12. nóvember 2010

Áslaug Helgadóttir

Ásta Bjarnadóttir

Halldór Jónsson

Helgi Thorarensen

Úlfar Hauksson

Samþykkt (með minniháttar breytingum og viðbótum) af Verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna 17. janúar 2011.